

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3SS  
komudagur 1.12.2009



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30.11 2009  
Mál 200911-0043

**Efni:** Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur (112 mál).

Alþýðusamband Íslands skilaði umsögn um málið þegar það var til umfjöllunar á 137 löggjafarþingi. Í henni kom fram, að ASÍ telur að markmið þjóðaratkvæðagreiðslna sé og eigi að vera það, að veita þjóðinni vald til þess binda hendur löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla eigi með öðrum orðum að vera bindandi en ekki leiðbeinandi og skapa frávík frá meginreglu hefðbundinnar stjórnskipunar um fulltrúalýðræði.

ASÍ studdi mjög eindregið frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum sem flutt var af þeim Jóhannu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Birkir J. Jónssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni á 136 löggjafarþingi. Málið náði ekki fram að ganga. Afstaða ASÍ er óbreytt og styður sambandið það mjög eindregið að stjórnarskrá Íslands verði breytt þannig að beint og milliliðalaust lýðræði verði tekið upp hér á landi. Líta má á það frumvarp sem nú er flutt sem jákvætt skref í þá átt og styður ASÍ framgang þess.

Hvað efni frumvarpsins varðar að öðru leyti leggur ASÍ til að frumvarpinu verði breytt og inn í það felldar heimildir til þess að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu með stuðningi tiltekinn hlutfalls kosningabærra manna og að niðurstaðan verði leiðbeinandi fyrir Alþingi með sama hætti og gert er ráð fyrir í 1.gr. frumvarpsins. Jafnframt er það mat ASÍ að tímamörk 1.mgr. 4.gr. séu of rúm.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Síminn • Faxnúmer  
Netfangið • Vefurinn  
Tölvafrétt • Vefurinn